

Það teygist jökull upp í heiðið hátt
og himinsbjarmi lýsir efsta gnúp.
En litlir bátar lengst í norður átt
þeir leggja yfir Breiðafjarðardjúp.

Og kirkjan rís þar yfir byggð og ból
sem blessun Guðs um land og víðan fjörð.
Hún stendur þarna efst á Ingjaldshól
þótt aldir líði, heldur trúan vörð.

Er gerist hafsins kylja köld og breið
og knýja bátar móti þungum sjó.
Að sjá til kirkju Hólsins léttir leið,
þá leggur inn í hjörtun frið og ró.
Kay Wiggs - Ragnar Ágústsson

BÆN OG FAÐIR VOR

Ísland ögrum skorið,
eg vil nefna þig,
sem á brjóstum borið
og blessað hefur mig
fyrir skikkann skaparans.
Vertu blessað, blessi þig
blessað nafnið hans.

Eggert Ólafsson

MOLDUN

Son Guðs ertu með sanni,
sonur Guðs, Jesús minn,
son Guðs, syndugum manni
sonar arf skenktir þinn,
son Guðs einn eingetinn,
syni Guðs syngi glaður
sérhver lifandi maður
heiður í hvert eitt sinn.

Hallgrímur Pétursson

BLESSUN

EFTIRSPIL
Prelude í c-dúr e. Bach



ELSKU KAY

Þú komst inn í líf mitt
með ljós þitt og hjarta.
Lífið við blasti með dagana bjarta.
Börnum þú kenndir að blása og syngja,
bjöllur þú keyptir sem brátt fóru að klingja.

Svo börnin við fengum,
sem bárum á örmum.
Bros þitt af gleði og tárin á hvörmum.
Þau dófnuðu fljótt, með demant í hjarta,
og draumana stóru, um framtíð svo bjarta.

Árin svo liðu sem áttum svo góð,
við álfanna kletta og öldunnar hljóð.
Við upprisu sólar er ætíð svo bjart,
en aðeins á stundum er lífið svo hart.

Ómar Lúðvíksson

*Aðstandendur þakka auðsýnda samúð og vinarhug.
Kirkjugestum er boðið að þiggja veitingar í safnaðarheimilinu eftir í athöfn.
Jarðsett verður síðar.*

| | |
|-----------------|-----------------------------------|
| Prestur: | Sr. Óskar Ingi Ingason |
| Organisti: | Elena Makeeva |
| Kórsöngur: | Kirkjukórar í Snæfellsbæ |
| Umsjón útfarar: | Útfarastofa Rúnars Geirmundssonar |



Aritta Kay Wiggs

Fædd 8. ágúst 1941

Dáin 21. febrúar 2022



*Jarðsöngin frá Ingjaldshólskirkju
miðvikudaginn 2. mars 2022*

-Allir eru beðnir að taka vel undir sönginn-

FORSPIL
Trumpett tune e. Purcell

BÆN

Nú gjaldi Guði þökk
hans gjörvöll barnahjörðin,
um dýrð og hátign hans
ber himinn vott og jörðin.
Frá æsku vorri var
oss vernd og skjól hans náð,
og allt vort bætti böl
hans blessað líknarráð.

Vor Guð, sem gjörvallt á,
oss gefi snauðum mönnum
í hjörtun æðstan auð
af andans gæðum sönnnum,
í náð og sátt við sig
oss seka taki hann
og leiði loks til sín
í ljóss og dýrðar rann.

Guð faðir, þökk sé þér
og þínum dýrsta syni
og æðstum anda skýrð
af engla' og manna kyni.
Þitt vald, sem var og er
og verður alla tíð,
sé heiðrað hátt um jörð
og himin ár og síð.

Rinckart - Helgi Hálfaldánarson

RITNINGARLESTUR



Lofsyngið Drottni, lýðir tignið hann.
Hefjið gleðihljóma, heiðrið skaparann.
Miskunn hans er mikil, máttarverkin stór.
Lofi, lofi Drottin loft og jörð og sjór.
Lofsyngi Drottni ljóssins bjarti her.
Óminn ber að ofan, undir tókum vér.

Valdimar V. Snævarr

RITNINGARLESTUR

Lát þennan dag, vor Drottinn, nú
oss dýran ávöxt færa.
Ó, besti faðir, blessa þú
vorn barnahópin kæra.
Nú frammi fyrir þér,
vor faðir, stöndum vér,
þín eldri' og yngri börn,
þín elska líknargjörn
vor hjörtu virðist hræra.

Þeim ungu legg þitt orð í munn,
þess afl í sálum brenni,
svo hreina trú af hjartans grunn
þau hreinlynd viðurkenni.
Þau voru færð þér fyr,
þú faðm þeim opnaðir,
þú blessuð börnin smá
lést blessun skírnar fá.
Ó, gef þau glati' ei henni.

Gef þau, sem hér þér heita trú,
þitt hjartað blíða finni,
gef já það, sem þau segja nú,
þau sífellt hafi' í minni.
En breysk er barnalund,
þótt bljúg sé þessa stund.
Þeim, Herra, hjálpa þú,
að heit þér unnið nú
þau haldi sérhvert sinni.

Og hversu langt sem lætur þú
þau lífsins strauma bera,
lát helga skírn og hreina trú
þeim hjartans akker vera.
Ó, hversu sæll er sá,
er segja' í trúnni má:
Minn Guð ei gleymir mér,
minn Guð mér faðir er,
mig hann mun hólpinn gera.

Brun - Valdimar Briem

RITNINGARLESTUR

Þú, Guð, sem stýrir stjarna her
og stjornar veröldinni,
í straumi lífsins stýr þú mér
með sterkri hendi þinni.

Stýr mínu hjarta' að hugsa gott
og hyggja' að vilja þínum,
og má þú hvern þann blett á brott,
er býr í huga mínum.

Stýr minni tungu' að tala gott
og tignar þinnar minnast,
lát aldrei baktal, agg né spott
í orðum mínum finnast.

Stýr minni hönd að gjöra gott,
að gleði' eg öðrum veiti,
svo breytni mín þess beri vott,
að barn þitt gott ég heiti.

Stýr mínum fæti' á friðar veg,
svo fótspor þín ég reki
og sátt og eining semji ég,
en sundrung aldrei vekki.

Stýr mínum hag til heilla mér
og hjálpar öðrum mönnum,
en helst og fremst til heiðurs þér,
í heilagleika sönnnum.

Stýr mínu fari heilu heim
í höfn á friðarlandi,
þar mig í þinni gæslu geym,
ó, Guð minn allsvaldandi.

Valdimar Briem

GUÐSPJALL

Ó, þá náð að eiga Jesú
einkavin í hverri þraut.
Ó, þá heill að halla mega
höfði sínu' í Drottins skaut.
Ó, það slys því hnessi' að hafna,
hvílíkt fár á þinni braut,
ef þú blindur vilt ei varpa
von og sorg í Drottins skaut.

Eigir þú við böl að búa,
bíðir freistni, sorg og þraut,
óttast ekki, bænin ber oss
beina leið í Drottins skaut.
Hver á betri hjálp í nauðum?
Hver á slíkan vin á braut,
hjartans vin, sem hjartað þekkir?
Höllum oss í Drottins skaut.

Ef vér berum harm í hjarta,
hryggilega dauðans þraut,
þá hvað helst er Herrann Jesús
hjartans fró og líknar skaut.
Vilji bregðast vinir þínir,
verðirðu' einn á kaldri braut,
flýtt þér þá að halla' og hneigja
höfuð þreytt í Drottins skaut.

Scriven - Matthías Jochumsson

MINNINGARORÐ